

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2023, þriðjudaginn 9. maí kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1208. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.

Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Másson, Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Vala Ragna Ingólfssdóttir og Vífill Björnsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

- Álfabakki 12 - USK23030203** Sótt er um leyfi til að breyta snyrtistofu, rými 0101 á 1. hæð í húsi á lóð nr. 12 við Álfabakka. Erindi fylgir samþykki eiganda fasteingar mhl. 0101, dags. 6. mars 2023, lóðauppdráttur dags. 26. október 2018, mæliblað dag 11. nóvember 1981.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
- Ánaland 2-4 - BN057467** Sótt er um leyfi til þess að rífa sólskála og svalir á suðurhlíð og byggja í staðinn viðbyggingu með þaksvölum, þak yfir hluta af verönd 1. hæðar, opna inn í borðstofu, endurnýja eldhús og fjarlægja vegg milli stofu og eldhúss í parhúsi nr. 2 á lóð nr. 2-4 við Ánaland. Stækkun 1.3 ferm., 8.6 rúmm.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 28. mars 2023, samþykki meðlóðarhafa á aðaluppdráttum 101 og 102 dags. 28. mars 2023, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. apríl 2020 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2020.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
- Barmahlíð 51 - BN060964** Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir nýrri hurð, grafa frá og gera verönd við suðurhlíð íbúðar 0001 í íbúðarhúsi á lóð nr. 51 við Barmahlíð.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í hús á afriti af teikningu A-101 dags 7. apríl 2022 umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 17. janúar 2023 og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar sem samþykktir voru þann 10. apríl 2001.
Gjald kr. 12.600.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Barónsstígur 6 - USK23010332** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060197 v/lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt, handriðum komið fyrir meðfram palli og skábraut er breytt í veitingastað í flokki II, teg. a í húsi nr. 6 við Barónsstíg á lóð nr. 94 við Hverfisgötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

5. **Brautarholt 26 - USK23030085** Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi 1. hæðar í matshluta nr. 01 fyrir segulómrannsóknarstöð, jafnframt er gerður nýr inngangur frá götu á norðurhlið húss nr. 26 á lóð nr. 26-28 við Brautarholt.
Erindi fylgir: Yfirlit breytinga, greinargerð hljóðvistar dags. 17. febrúar 2023, afrit fundargerðar húsfélags dags. 15. desember 2022. Umsögn samgöngudeildar í tölvupósti dags. 26. apríl 2023.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
6. **Brekkaás 6B - USK23040001** Sótt er um leyfi til að byggja dreifistöð raforku fyrir einn spennu, forsteyptar undirstöður, burðarvirki útvegga og þaks er stálgrind, og klætt málmklæðningu á húsi á lóð nr. 6B Spennistöð við Brekkaás.
Stærð: 7,5 ferm., 21,8 rúmm.
Erindi fylgir: Hæðar- og mæliblað.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
7. **Brúnavegur 12 - USK23040004** Sótt er um leyfi til að stækka svalir og koma fyrir heitum potti á svalir við íbúð 01-0201, koma fyrir heitum potti á verönd íbúðar 01-0101 og gera hurð frá gangi in í bílgeymslu, rými 02-0102 í tvíbýlishúsi á lóð nr. 12 við Brúnaveg.
Erindi fylgir: Mæliblað 1.380.2.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
8. **Bíldshöfði 2 - BN061693** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rýmis 0101 að hluta, þ.e. fyrirkomulag og innréttingar verslunar og lagers, komið fyrir nýjum rekstri veitingasölu í stað þess sem áður var, í flokki I, teg. c, veitingastofa og greiðasala, ný uppvottaadstaða, óbreytt fyrirkomulag starfsmannaadstöðu sem er samnýtt í matshluta nr. 01, í húsi á lóð nr. 2 við Bíldshöfða.
Erindi fylgir: Yfirlit breytinga unnið á afriti samþykks aðaluppdráttar erindis BN037859.
Gjald kr.13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
9. **Bústaðavegur 81 - USK23050031** Sótt er um leyfi til að gera nýjar dyr og breyta gluggum á norðurhlið, klæða að utan með bárujárnri og breyta innra skipulagi í leikskólanum Garðaborg á lóð nr. 81 við Bústaðaveg.
Erindi fylgir hljóðvistarskýrsla frá Mannvit dags. 3. maí 2023 og yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. **Bústaðavegur 83 - USK23040088** Sótt er um leyfi til að hækka þak og setja 2 kvisti og klæða með aluzink báruklaðningu, setja fjóra þakglugga, nýjar stálsvalir fyrir framan suðurkvist, breyta innra fyrirkomulagi á 2. hæð og risi, nýjan lokaðan stiga frá 2. hæð upp í ris, burðarveggur á milli herbergja á 2. hæð fjarlægður og stálbiti settur í staðinn ásamt því að stækka baðherbergi inn í hjónaherbergi, í risi verða 2 herbergi, baðherbergi og geymsla í húsi á lóð nr. 83 við Bústaðaveg.
Stækkun: 58,5 ferm., 106 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

11. **Depluhólar 4 - BN061601** Sótt er um leyfi til að breyta útliti á húsi og skipulagi lóðar, þ.e. tröppur upp á svalir felldar út, gluggar síkkaðir og komið fyrir hurð í stað glugga á suðausturhlið, gluggar síkkaðir og komið fyrir hurð á suðvesturhlið, lóð lækkuð, bætt aðgengi og umferðarleiðir innan lóðar og að húsi, steypt setlaug og stoðveggir á lóðarmörkum húss á lóð nr. 4 við Depluhóla. Erindi fylgir umboð eiganda dags. 6. október 2022, bréf eiganda, rökstuðningur vegna breytinga dags. 11. október 2022, samþykki aðliggjandi lóðarhafa nr. 2 við Depluhóla og nr. 1 við Erluhóla. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar sem samþykktir voru þann 12. júlí 1984. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 20. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2023. Erindi fylgir samþykki nágretta, skjalfært þann 17. apríl 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 4. maí 2023, fylgir erindi Gjald kr.13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
12. **Efstasund 21 - USK23040089** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. breytingar á burðarvirki og innra skipulagi jarðhæðar í húsi á lóð nr. 21 við Efstasund.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 26. apríl 2023.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
13. **Einimelur 12 - USK23040091** Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi, breyttu svalahandriði og setlaug í garði einbýlishúss á lóð nr. 12 við Einimel.
Erindi fylgir skuggavarp og bréf hönnuðar dags. 13. apríl 2023.
Stækkun: 49,6 ferm.
Eftir stækkun, A-rými: 292,5 ferm., 885,7 rúmm.
B-rými: 44,5 ferm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.
14. **Fiskislóð 24-26 - BN060309** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breytingum á gluggum, hækkun einnar innkeyrsluhurðar, fjölgun inngangshurða, fjölgun glugga, færsla og breyting á stiga innanhúss upp á millipall, breyting á innra skipulagi millipalls og 1. hæðar, jafnframt er sótt um leyfi til að setja hurð, svalir og stiga af svölum á norðurhlið frá skrifstofurými og heildsölu, 03-0101 í húsi nr. 24 á lóð nr. 22 við Fiskislóð.
Stækkun/Minnkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir: Umsögn Faxaflóahafna dags. 20. október 2022, minnisblað ráðgjafa vegna stiga dags. 20. október 2022 og bréf hönnuðar dags. 3. nóvember 2022.
Gjald kr.12.100.
Frestað. Vísað til athugasemda.
15. **Flókagata 24 - USK23030234** Sótt er um leyfi til að setja niður djúpgámasetti með sex gámum, þar af fimm 5,0 rúmm. og einn 3,0 rúmm. fyrir endurvinnslu á pappa, málm og plasti, staðsett norðan við Kjarvalsstaði á lóð nr. 24 við Flókagötu.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
16. **Freyjugata 46 - USK23010202** Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja stórt tré við lóðarmörk, stækka garðskála og koma fyrir kamínu við suðvesturúttvegg garðskála, mhl. 03, á lóð nr. 46 við Freyjugötu.
Stækkun: 8.9 ferm. xx.x rúmm.
Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.196.1 dags. 16. maí 2011, yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 27. júlí 1999 og ódagsett loftmynd af lóð.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Ný gögn framsend til skipulagsfulltrúa.

17. **Garðsstaðir 39 - USK23040102** Sótt er um leyfi til að stækka núverandi hús, þannig að hlið sem snýr til suðvesturs lengist um 4 metra og verður allur frágangur útveggja, glugga, þaks og kanta í samræmi við það sem fyrir er, í húsi á lóð nr.39 við Garðsstaði.
Erindi fylgir hæðarblað dags. 12.mars 1997.
Stækkun: 37 ferm., 139 rúmm.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
18. **Gefjunarbrunnur 7 - USK23020093** Sótt er um leyfi til þess að byggja tveggja hæða íbúðarhús með tveimur íbúðum og bílskúr í eigu íbúðar 0201, veggir staðsteyptir í varmamót og þak úr timbri á lóð nr. 7 við Gefjunarbrunn.
Stærð: 272.5 ferm., 878.4 rúmm.
Nf: 0.78
Erindi fylgir mæliblað 2.695.2 dags. 18. júní 2018, hæðablað 2.695.2 útg. B3 dags. september 2009 og minnisblað vegna sambrunahættu frá verkfræðistofunni Örugg efh dags. 7. febrúar 2023.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
19. **Gefjunarbrunnur 8 - BN061809** Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, tvílyft, tvíbýlishús, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 8 við Gefjunarbrunn. Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 22. nóvember 2022, bréf hönnuðar um frávik frá skilmálum deiliskipulags dags. 17. nóvember 2022 og minnisblað um brunahönnun dags. 18. nóvember 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 1. desember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 1. desember 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. desember 2022. Stærð, A-rými: 239,3 ferm., 636,5 rúmm. B-rými: 46,8 ferm. Samtals 286,1 ferm. Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
20. **Grandagarður 9 - USK23040006** Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi 2. hæðar, koma þar fyrir pizzaofni og frá honum reykrori eftir lofti og út um vegg á norður hlið og uppfyrir þak á veitinga- og þjónustuhúsi nr. 11 á lóð nr. 9 við Grandagarð.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
21. **Hafnarstræti 4 - USK23030340** Sótt er um leyfi til að breyta skráningu á rými 02-0102 fyrir rekstur söluturns í húsi við Veltusund á lóð nr. 4 við Hafnarstræti.
Erindi fylgir afrit lóðarblaðs.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

22. **Hringbraut Landsp. - USK23010264** Sótt er um leyfi fyrir nýjum bílastæðakjallara, mhl. 51, á tveimur hæðum með 171 bílastæði með tveimur stigahúsum (01 og 02) upp á yfirborð lóðar, stigahús í mhl. 42 er ekki hluti af umsókn, né heldur yfirborðsfrágangur, nema þau sem tengjast stigahúsum 01 og 02, staðsettur undir Sóleyjartorgi á lóð nr. 37 við Hringbraut Landspítala.
Stærð: 6.944,4 ferm., 29.250,2 rúmm.
Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla dags. janúar 2023, greinagerð hönnuða dags. 24. janúar 2023, greinagerð hönnunarstjóra og ábyrgðarsvið hönnuða dags. 1. febrúar 2023, drög að lóðauppdrátt án dagsetningar.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggji að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
23. **Hverfisgata 92 - USK23040193** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052439 v/lokaúttektar þannig að ekki verður sett upp eldvarnartjald vegna opunar milli húsa í bílageymslu á lóð nr. 92 við Hverfisgötu.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
24. **Hávallagata 17 - USK23010303** Sótt er um leyfi til þess að gera kvisti á austurþekju húss, hækka handrið svala 1. og 2. hæðar og breyta innra skipulagi íbúða 0201 og 0301 í íbúðarhúsi á lóð nr. 17 við Hávallagötu.
Stækkun: 0.0 ferm., 1.3 rúmm.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á afriti teikningar Sei studíó dags. 29. janúar 2023 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 24. febrúar 1955.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
25. **Hæðargarður 14 - USK23040026** Sótt er um leyfi til þess að byggja geymslur, mhl.02 við lóðarmörk til vesturs, hækka þak, byggja tvo kvisti, svalir og viðbyggingu með þaksvölum til suðurs ásamt því að breyta innra skipulagi íbúðar 0201 í íbúðarhúsi mhl.01, á lóð nr. 14 við Hæðargarð.
Stækkun mhl.01 4.2 ferm., 167.5 rúmm..
Stærðir mhl.02: 22.0 ferm., 70.4 rúmm.
Nýtingarhlutfall: 0.54
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa húsa nr. 14 og 16 dags. 26. mars 2023 ásamt yfirliti breytinga á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 14. júlí 1949.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
26. **Hæðargarður 16 - USK23040027** Sótt er um leyfi til þess að byggja geymslur, mhl.02 við lóðarmörk til vesturs, hækka þak, byggja tvo kvisti, svalir og viðbyggingu með þaksvölum til suðurs ásamt því að breyta innra skipulagi íbúðar 0201 í íbúðarhúsi mhl.01, á lóð nr. 14 við Hæðargarð.
Stækkun mhl.01 3.8 ferm., 167.7 rúmm..
Stærðir mhl.02: 22.0 ferm., 70.4 rúmm.
Nýtingarhlutfall: 0.54
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa húsa nr. 14 og 16 dags. 26. mars 2023 ásamt yfirliti breytinga á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 14. júlí 1949.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

27. **Í byggð SA - USK23050059** Sótt er um leyfi til að koma fyrir stáltröppum og gera dvalarsvæði á göngustíg milli efra- og neðra Breiðholts, frá Arnarbakka við afleggjara að Hjaltabakka að Vesturbergi til móts við hús nr. 143-145 - við Vesturberg.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
28. **Katrínartún 6 - USK23040195** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059165 v/lokaúttektar þannig að útljósum er breytt í verslunar- og skrifstofuhúsinu Katrínartún 6, sem er mhl. 07 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Erindi fylgir yfirlit breytinga,
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
29. **Klapparberg 15 - USK23030204** Sótt er um leyfi til þess að byggja einnar hæðar timburviðbyggingu með þaksvölum við austurhlið einbýlishúss, mhl.01, á lóð nr. 15 við Klapparberg.
Stækkun: 30.8 ferm., 64.8 rúmm.
Erindi fylgir afrit af aðalteikningum samþykktum 6. nóvember 1980 og skipulagsuppdrætti Breiðholt III dags. 25. ágúst 1975.
Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023 var erindi afgreitt - ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Samræmist hverfisskipulagi.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
30. **Kleppsvegur 150-152 - USK23040057** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058993 vegna lokaúttektar þannig að komið er fyrir eldvarnargleri ofan og framan við sorptunnur í skýli á lóð nr. 10-152 við Kleppsveg.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi
31. **Koparsléttu 22 - USK23020242** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061695, þ.e. tilfærsla léttra veggja og lögun brunahólfa á fyrstu hæð í húsi á lóð nr. 22 við Koparsléttu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 20. febrúar 2023.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
32. **Köllunarklettsvegur 4 - USK23030257** Sótt er um leyfi fyrir stækkun, þ.e. viðbygging á tveimur hæðum, stækkun á rými 0104, innréttað fyrir skrifstofu og sýningarsal viðkomandi rekstrar, húss á lóð nr. 4 við Köllunarklettsveg. Stækkun: 182,7 ferm., 559,8 rúmm. Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 20. mars 2023, gátlisti aðaluppdráttu, mæliblað. Erindi var afgreitt á fundi skipulagsfulltrúa 4. maí sl. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
Bókun afgreiðslu skipulagsfulltrúa dags. 4. maí 2023, af fundi nr. 913.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
33. **Langahlíð 9 - USK23020132** Sótt er um leyfi til þess að gera op í burðarvegg milli eldhúss og stofu í íbúð 0201 í fjölbýlishúsi nr. 9, mhl.02, á lóð nr. 7-11 við Lönguhlíð.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi dags. 12. febrúar 2023 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum stimpluðum 28. nóvember 1946.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

34. **Langholtsvegur 89 - USK23040101** Sótt er um leyfi fyrir viðbyggingu og breytingu á innra skipulagi, þ.e. 1. og 2. hæðir stækka, breyta verslun í íbúð í rými 0201, breyta geymslu sem var áður með rýmisnúmer 0003 í tómsundurherbergi með nýja baðherbergisaðstöðu, breyta bílskúr í vinnustofu, innra breytingar á öllum þremur hæðum ásamt því að breyta staðsetningu inntaks, fjarlægja stiga á milli hæða og þess í stað koma fyrir nýjum stiga á norðurhlið, endurnýja inngang á 2. hæð, byggja svalir á vesturhlið, endurnýja kvisti og breyta þaki, breyta fyrirkomulagi á lóð með því að breyta landhalla, fækka um eitt stæði af fjórum og færa sorpskýli í húsi á lóð nr. 89 við Langholtsveg. Stækkun: 53.6 ferm., 357,3 rúmm. Jafnframt er erindi BNBN060844 dregið til baka. Gjald kr.14.000. Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
35. **Laugavegur 159A - USK22122906** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, sem felast í stækkun, breytingum á innra skipulagi og útliti húss, jafnframt er sótt um að breyta eignarhaldi rýma innanhúss í húsi á lóð nr. 159A við Laugaveg. Erindi fylgir samþykki eigenda á bréfi nágrannakynningar dags. 17. nóvember 2022 og yfirlýsing eigenda dags. 26. apríl 2016, yfirlit breytinga unnið á útgefnum aðaluppdráttum samþykktir árið 1939 og 1969 og skýringarmyndir grunnmynda hönnuðar dags. 17. nóvember 2022, skýrsla húsaskoðunar dags. 21. febrúar 2023 og mæliblað, afrit skiptayfirlýsingu dags. 17. desember 1997, afrit afsals dags. 12. nóvember 1998, afrit afsals dags. 20. nóvember 2012, þinglýst yfirlýsing eigenda vegna breytinga dags. 14. febrúar 1974 og bréf eiganda vegna ósamþykkrar íbúðar 2. hæðar, ódags. Gjald kr.14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
36. **Lynghagi 20 - USK22122877** Sótt er um leyfi fyrir stakstæðri bílgeymslu á einni hæð með einhalla timburþaki, steinsteyptur útveggir á lóðarmörkum, aðrir eru léttbyggðir með standandi timbur klæðningu, matshluti nr. 02, við hús á lóð nr. 20 við Lynghaga. Stærð: 56,0 ferm., 158,8 rúmm. Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 3. desember 2022 og útgefið mæliblað 1.554.1. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á gildandi aðaluppdrætti samþ. þann 30. júlí 1953 og umsögn skipulagsfulltrúa erindis SN220668, dags. 24. nóvember 2022. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. maí 2023 fylgir erindi. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Með vísan til samþykkrar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðarmörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
37. **Menntavegur 1 - USK23020295** Sótt er um leyfi til staðsetja tvo gáma á austurhluta lóðar nr. 1 við Menntaveg. Gjald kr. 14.000. Frestað. Vísað til athugasemda.
38. **Norðlingabraut 2 - USK23040085** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060405 vegna lokaúttektar, þ.e. breytingar á útliti húss, skipulagi lóðar, salerniskjörnum og tæknirýmum í verslunar- og skrifstofuhúsnæði á lóð nr. 2 við Norðlingabraut. Erindi fylgir: Yfirlit breytinga unnið á teikningum hönnuðar. Gjald kr.14.000. Frestað. Vísað til athugasemda.

39. **Reynimelur 55 - USK23020210** Sótt er um leyfi til þess rjúfa og fjarlægja hluta af steypu grindverki á lóðarmörkum að Hofsvallagötu og gera tvö bílastæði fyrir parhús á lóð nr. 55 við Reynimel. Erindi fylgir afrit af deiliskipulagsupphætti fyrir reit 1.540 dagsettum í janúar 2010. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. apríl 2023 fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.
Synjað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. apríl 2023.
40. **Sjafnargata 10 - USK23030202** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gerð hefur verið geymsla fyrir íbúð 0201 í þakrými og skorsteinn hefur verið fjarlægður, einnig er sótt um leyfi til þess endurgera og stækka svalir íbúðar 0201, byggja nýjar steinteyptar svalir, útigeymslu og tröppur niður á verönd í séreign íbúðar 0101 við austurhlíð fjölbylishúss á lóð nr. 10 við Sjafnargötu. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 13. mars 2023, samþykki lóðarhafa dags. 12. mars 2023, mæliblað 1.196.5 dags. 12. október 2011 og hæðablað dags. október 1989 og yfirlit breytinga á afriti af eldri samþykktum aðalupphættum.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Ný gögn framsend til skipulagsfulltrúa.
41. **Snorrabraut 56 - USK23030200** Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi 2. hæðar atvinnuhúsnæðis, þ.e. í stað skrifstofu verði innréttað fyrir gistiheimili í flokki IV, teg.[x] fyrir 60 gesti í húsi matshluta nr. 01 á lóð nr. 56 við Snorrabraut.
Erindi fylgir: Samþykki eigenda í formi fund húseigenda dags. 26. apríl 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
42. **Sundlaugavegur 30 - Stöðuleyfi - USK23040214** Sótt er um stöðuleyfi fyrir 22,0 ferm., torgsöluhúsi, staðsett í norðvesturhorni bílastæða, vestan við hús á lóð nr. 30 við Sundlaugaveg.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
43. **Svarthöfði 1 - USK23040140** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými umferðaljósa milli mátlína 6 og 8, gerð grein fyrir áður gerðu millilofti, stiga og það stækkað í atvinnuhúsi á lóð nr. 1 við Svarthöfða.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Stækkun: xx ferm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
44. **Sólvallagata 79 - USK23040141** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058402 v/lokaúttektar í fjölbylishúsi á lóð nr. 79 við Sólvallagötu.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
45. **Súðarvogur 2 - BN061606** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056586, þannig að hætt er við að hafa timburdekk sem var vegna algildrar hönnunar á svölum og lagfæra skráningu og rýmisnúmer teikninga húss á lóð nr. 2 við Súðarvog.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
46. **Tjarnargata 30 - USK23030352** Sótt er um leyfi til þess að gera nýjan bakinnangang með aðgengi að bílgeymslu á suðurhlíð milli íbúðarhúss og bílgeymslu á lóð nr. 30 við Tjarnargötu. Jafnframt er erindi BN059047 sem samþykkt var 8. júní 2021, dregið tilbaka.
Stækkun: 4.5 ferm., 11.5 rúmm. Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 19. apríl 2023, bréf frá hönnuði dags. 28. mars 2023 ásamt afriti að aðalupphættum samþykktum 8. júní 2021 og 12. maí 2015.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Lagfæra skráningu.

47. **Úlfarsbraut 76 - USK23010107** Sótt er um leyfi til að gera glugga á norðurhlið og innréttu íbúð í sökkulrými ásamt því að grafa frá og gera tröppur og nýjan inngang í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 76 við Úlfarsbraut.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Stækkun: 50,6 ferm.
Eftir stækkun: 338,9 ferm., 1.037,4 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
48. **Þingholtsstræti 11 - USK23020199** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að breyta notkun og skráningu efri hæðar ,0201, í sjálfstæða íbúð og fjölga eignum, í húsi á lóð nr. 11 við Þingholtsstræti.
Erindi fylgir afrit af uppdrætti teiknistofunnar Arko nr. 102 samþykktum þann 30. júní 1994.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
49. **Þingvað 35 - USK23020241** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN032724 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi einbýlishúss hefur verið breytt og komið hefur verið fyrir geymslum, garðskála og heitum potti á lóð nr. 35 við Þingvað.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Þingvaði 33 dags. 13. mars 2023, greinargerð hönnuðar dags 23. febrúar 2023 ásamt ljósmyndum og tæknilýsingum.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
50. **Þorragata 1 - USK23030050** Sótt er um leyfi til niðurrifs á matshluta nr. 02 og viðbyggingu matshluta nr.01, á húsi á lóð nr. 1 við Þorragötu. Niðurrif: 43,3 ferm., 103,7 rúmm. Erindi fylgir áætlun um meðhöndlun á byggingar- og niðurrifsúrgangi dags. 3. mars 2023 og yfirlit breytinga. Uppbygging eftir niðurrif er til umfjöllunar í erindi BN061638.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
51. **Þorragata 1 - Viðbygging - BN061638** Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar, steinsteypta viðbyggingu með hefðbundnu timburþaki við leikskóla á lóð nr. 1 við Þorragötu.
Bréf frá umhverfis- og skipulagsráði dags. 23. febrúar fylgir erindi. Stækkun: 185,4 ferm., 647,0 rúmm.
Niðurrif: 43,3 ferm., 103,7 rúmm. Í erindi USK23030050.
Stærð eftir breytingu: 754,0 ferm., 2.576,7 rúmm.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

Ýmis mál.

52. **Krummahólar 4 - fsp - USK23040112** Spurt er um leyfi til að byggja pall og reisa skjólveggi utan við suðurhlið stofu íbúðar 01-0101 í húsi á lóð nr. 4 við Krummahóla.
Erindi fylgir skissa fyrirspyrjanda og bréf samskipta hússtjórnar.
Afgreitt. Jákvætt. Samanber leiðbeiningar á umsagnarblaði.
53. **Síðumúli 33 - USK23040119** Spurt er hvort færa megi brunaslöngu til að koma fyrir iðnarðarþvottavél og handlaug í iðnaðar- og þjónusthúsi á lóð nr. 33 við Síðumúla.
Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á umsagnarblaði.

Fundi slitið kl. 14:20

Nikulás Úlfar Másson
Edda Þórsdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Vala Ragna Ingólfssdóttir
Vífill Björnsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir